

*Sent í samráðsgátt*

Reykjavík, 1. nóvember 2022

Forsætisráðuneytið  
Skrifstofa stjórnskipunar og stjórnsýslu

**Efni: Umsögn til forsætisráðuneytisins um drög að frumvarpi til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu, mál nr. 197/2022.**

Með frumvarpi þessu er markmið stjórnvalda sagt vera að leggja fram heildarlög um fjárfestingarárýni vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu.

Bændasamtök Íslands telja áform þessi góðra gjalda verð enda eitt af grundvallaratriðum fæðuöryggis þjóðarinnar að Íslendingar hafi yfirráð yfir mikilvægum innviðum. Að því sögðu verður þó að telja að frumvarp þetta nái ekki tilætluðum markmiðum þar sem þröskuldur tilkynningaskyldu um kaup á landi er of hár, eða 15.000 hektarar (150 km<sup>2</sup>). Þá þarf við mat á eignarhaldi á landi að horfa sérstaklega til landbúnaðarlands enda slíkt land forsenda bæði búfjárræktar og akuryrkju. Jafnframt eru yfirráð yfir landi og vatni einnig grundvallarforsenda margra annarra þátta í landbúnaði auk þess að tengjast orkuöryggi.

Í svari þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn á Alþingi á 150. löggjafarþingi, þingskjal 1150 – 552. mál, er að finna samantekt um ræktarland á Íslandi. Í þeirri samantekt kemur fram að gróið land á Íslandi sé um 23.800 km<sup>2</sup> en þar af séu aðeins um 6.000 km<sup>2</sup> gott ræktarland og einungis um fjórðungur þess ræktaður eða um 1.500 km<sup>2</sup>.

Út frá þessum tölum má sjá að kaup og yfirráð yfir 15.000 hekturum, þ.e. 150 km<sup>2</sup>, lands gæti þýtt 10% af öllu ræktuðu landi á Íslandi. Því er nauðsynlegt að setja mun strangari skilyrði í lögin um mat á kaupum/yfirráðum þegar um er að ræða land.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur